

Hæsnahöllin hjá Öldrunarheimilum Akureyrar

Sveitarfélag:	Öldrunarheimili Akureyrar
Starfsmenn:	400 starfsmenn og 188 íbúar búa á ÖA auk þess er þar dagþjónusta og hvíldarinnlagnir þannig að 400 aldraðir fá þjónustu á heimilunum á ári
Heyrir undir:	Akureyrarbæ
Tengiliður vegna verkefnis:	Brit J. Bieltvedt, framkvæmdarstjóri
Tölvupóstur:	brit@akureyri.is

Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Til þess að auðga líf íbúa og annarra þjónustupega á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA). Til þess að skapa ánægju, afþreyingu og verkefni – gefa daglegu lífi tilgang.

Á ÖA er unnið samkvæmt Eden hugmyndfræðinni þar sem lögð er áhersla á að útrýma einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða sem taldar eru aðalástæður vanlíðunar meðal fólks sem býr á öldrunarheimilum. Í hugmyndafræðinni er áhersla á að öldrunarheimili eru HEIMILI fólksins sem þar býr og að íbúar séu þátttakendur í daglegu lífi eftir vilja og getu hvers og eins. Áhersla er á vellíðan íbúanna - andlega ekki síður en líkamlega. Áhersla er á fjölbreytt og skemmtilegt daglegt líf og að fólk geti notið lífsins og hlakkað til morgundagsins þrátt fyrir heilsubrest. Með nærveru og þátttöku í því sem maður hefur áhuga á og getu til fær lífið aftur tilgang. Motto ÖA er að enginn er svo sjúkur að hann geti ekki notið lífsins fái hann umhyggju og tilboð við hæfi.

Framkvæmd

Draumurinn um hæsnahús við Hlíð hefur verið að þróast undanfarin ár og tók fyrst á sig mynd fyrir ári síðan. Ákveðið var að nýta hluta garðsins við Hlíð sem hefur verið mjög lítið notaður vegna slæms aðgengis fyrir íbúa. Ákveðið var að útbúa grænmetisgarð með upphækkuðum beðum og byggja hæsnahús með aðgengi fyrir göngugrindur og hjólastóla svo að allir íbúarnir ættu kost á að taka þátt í umhirðu hæsnanna.

Hæsnahúsið þurfti að vera stórt og rúmgott svo að íbúar, jafnvel í hjólastólum gætu farið inn í húsið og fylgst með hænunum. Ljóst var að verkefnið yrði umfangsmikið og dýrt og því var ákveðið að sækja til góðra stuðningsaðila um styrki og stuðning. Allir sem leitað var til tóku verkefninu með miklum velvilja og komu margir að þessu skemmtilega verkefni.

Tröppur voru fjarlægðar og lóðin hækkuð til muna til þess að auðvelda aðgengi íbúa að garðinum. Hitalagnir voru lagðar í planið til þess að hindra hálfu og snjó. Vandað tæplega 10 m² hús var byggt með góðu útigerði. Dyrnar á húsinu eru breiðar þannig að auðvelt er fyrir fólk í hjólastólum að fara inn í húsið. Rúmum metra innan við dyrnar var settur netveggur frá lofti til gólfs þannig að íbúar geta farið inn í húsið án þess að hæsnin komist út og verið inni og fylgst með hæsnunum þegar þannig viðrar. Varpkassar eru aðgengilegir fyrir fólk í hjólastólum.

Hæsnahúsið þótti svo veglegt að það hlaut nafnið “Höllin” og þangað fluttu inn 14 hænur og 1 hani. “Höllin” var vígð 1. ágúst 2012 með hátíðlegri athöfn. Skipaður var yfirumsjónarmaður yfir umhirðu hæsnanna og er það sjálfboðaliði - íbúi í Hlíð. Honum til halds og trausts eru 3 starfsmenn ÖA.

Það er sameiginlegt verkefni íbúa og starfsfólks í Hlíð að hugsa um hæsnin og nýta eggin. Hver deild sér um hæsnaumhirðu og eggjatíslu eina viku í senn, síðan tekur næsta deild við. Á þeirri deild sem hugsar um hæsnin safna íbúar, sem áhuga hafa, matarafgöngum og gefa hæsnunum daglega, tína

egginn, spjalla við og njóta samvista við dýrin, skrá í dagbók og segja hæsnasögur. Síðan er farið með egginn á deildina og íbúar og starfsmenn ákveða í sameiningu hvernig skuli nota egginn þann daginn – á að baka köku eða harðsjóða egginn ofan á brauð?

Niðurstaða

Íbúar ÖA hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga frá fyrsta degi og fylgst nákvæmlega með framvindu mála. Reynslan af þessu verkefni hefur farið fram úr björtustu vonum fólks. Fjölbreytni daglegs lífs hefur aukist. Margir tugir íbúa fara daglega til þess að fylgjast með hæsnunum og gefa þeim bita. Nokkrir íbúar sem ekki höfðu viljað fara út í langan tíma sáu með tilkomu hæsnahússins tilgang og ástæðu til þess að fara út í garð og fylgjast með hæsnunum. Aðstandendur hafa lýst yfir mikilli ánægju með þetta framtak. Íbúarnir virðast virkilega njóta návistar hæsnanna enda eru dýr eitt af aðal verkfærunum í Eden hugmyndafræðinni. Meira að segja hanagalið á morgnanna skapar ánægju og minningar frá bernskunni rifjast upp.

Það eru ekki bara íbúar, aðstandendur og starfsmenn, sem koma og fylgjast með hæsnunum heldur líka nágrannar, bæði börn og fullorðnir, leikskólabörn og gestir sem hafa heyrt af þessu frábæru verkefni koma, skoða og hafa gaman af og heimsækja íbúanna í leiðinni. Ekki svíkur heldur bakkelsið sem er bakað úr eggjunum né eggjabrauðið.

Öll heimilin í Hlíð taka þátt í umsjón hæsnanna í samvinnu við starfsmenn heimilisins. Þetta verkefni eykur samstarf og samráð íbúa og starfsmanna sem þátt taka í verkefninu. Sameiginlega þarf að ákveða hvenær á að gefa hæsnunum, hvað skal gefa þeim, safna matnum og gefa þeim. Síðan þurfa menn líka að hafa samráð um hvernig nýta á egginn. Íbúar upplifa að þeir gera gagn, návist við hæsnin og verkefnið í heild skapar mikla gleði. Daglegt líf fær tilgang.

Lærdómur

Hæsnahús er hentugt verkefni til þess að auðga daglegt líf á öldrunarheimilum, samráð og samstarf íbúa og starfsmanna. Það er afar mikilvægt að íbúar öldrunarheimila fái verkefni við hæfi í daglegu lífi og upplifi tilgang með þátttöku í slíkum verkefnum. Mikilvægt er að íbúar upplifi að þátttaka þeirra skipti máli og að þeir hafi hlutverk. Návist og umhirða dýra getur breytt erfiðum degi í gleðidag. Þrátt fyrir heilsubrest og minnkandi getu geta allir sem áhuga hafa tekið þátt - fái þeir aðstoð til þess.